



BLÍ - Blaksamband Íslands  
Icelandic Volleyball Association  
Engjavegur 6  
104 Reykjavík, Iceland  
+354 514 4111  
bli@bli.is

## Fyrsti fundur nýrrar stjórnar

Föstudagur 21. Apríl 2023 12:00-13:00 á Teams

**Mættir:** Katrín Einarsdóttir (KE), Rósborg Halldórsdóttir (RH), Grétar Eggertsson (GE), Valgeir Bergmann (VB), Auður Ösp Jónsdóttir (AÖJ), Hjördís Eiríksdóttir (HE), Arnar Már Sigurðsson (AMS), Guðrún Kristín Einarsdóttir (GSE), Sigurður Jón Hreinsson (SJH).

Allir voru með í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundargerð rituð af Rósborgu Halldórsdóttur.

## Málefni

### 1. Skipun stjórnarmanna í hlutverk

- GE lagði fram tillögu sína að verkaskiptingu stjórnar sem var samþykkt samhljóða
  - *Formaður:* Grétar Eggertsson
  - *Varaformaður:* Valgeir Bergmann
  - *Gjaldkeri:* Auður Ösp Jónsdóttir
  - *Ritari:* Arnar Már Sigurðsson
  - *Meðstjórnandi:* Guðrún Kristín Einarsdóttir
  - *Varamenn stjórnar:* Hjördís Eiríksdóttir, Rósborg Halldórsdóttir, Sigurður Jón Hreinsson
- Skipun í nefndir var rædd og verður farið frekar í þau málefni á næsta fundi

### 2. Finna tíma fyrir mánaðarlega fundi

- Fyrsti þriðjudagur í hverjum mánuði, 16:30-18:30
- Næsti fundur 2. maí 2023

### 3. Vinnufundur 3. júní

- Verður frekara umræðuefni á næsta fundi
- Staður: Laugardalur eða Akureyri
- Hverjir þurfa að vera á fundinum mun fara eftir umræðuefnum sem verða tekin fyrir á fundinum en fundurinn verður opinn öllum.

### 4. Fjármál

- KE ræðir lán til að gera upp eldri skuldir.
- KE ræðir rekstur deilda: sendir skjal til stjórnar með kostnaði við deildarkeppni og uppástungur fyrir gjaldskrá 2023-2024. Stjórn þarf að samþykkja fyrir föstudag 28. apríl og senda út fyrir 1. maí.
- GSE stingur upp á Karolina fund fyrir sérstök verkefni.
- GE ræðir almannaheillafélagið
- AÖJ ræðir nýtt bókhaldskerfi

#### **5. Afreksstjóri**

- Fyrri stjórn samþykkti að hefja samræður við Danielle Capriotti til að taka við fullu starfi afreksstjóra á skrifstofu BLÍ.

#### **6. Öldungamót**

- Það þarf að kynna betur Öldungamótsumsóknir
- RH sendir bréf á alla formenn blakdeilda
- Umsóknarfrestur verður daginn fyrir mótið
- Notkun á rafrænum kosningarseðlum í höndum mótshaldara.
- Þarf að endurskoða öldungamótsreglugerðina? Síðasta var samþykkt 2018 og hafa aðeins verið haldin 2 mót síðan.

**Fundi slitið 13:06**

**Næsti fundur 2. maí kl 17:30**